



FUNDARGERÐ 490. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 20. desember 2023. Fundurinn er settur klukkan 12:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málefni grenndarstöðva – minnisblað um söfnun á textíl og þróun virðiskeðju meðhöndlunar

Framkvæmdastjóri og samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gera grein fyrir stöðu samtals við hagaðila um hlutverk SORPU í móttöku á textíl.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU telur mikilvægt að tryggja gagnsæja og ábyrga meðhöndlun á textíl. Ljóst er að sveitarfélögin bera í ljósi lagabreytinga ábyrgð á meðhöndlun textíls. Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram þeirri vinnu sem unnin hefur verið í SORPU til að uppfylla skyldur sveitarfélaga í samræmi við framlagt minnisblað og í samráði við hagaðila.“

2. Málefni GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samskipta SORPU og Aikan um áframhaldandi aðkomu Aikan að uppkeyrslu GAJU.

3. Skipulag SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir breytingu á stjórnskipulegri stöðu áhættunefndar SORPU. Áhættunefnd færir undir stjórn SORPU með nýju skipulagi og verkefna- og tæknistjórnun færir undir framkvæmdastjóra.

Stjórn samþykkir breytinguna.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 9. janúar klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 13:09.